

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/824****2022/EES/20/04****frá 25. maí 2016**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar efni og snið lýsingar á starfsemi markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga og tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 11. mgr. 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Mikilvægt er að viðurkenna að lögbærum yfirvöldum þurfa að berast allar upplýsingar um tilgang, uppbyggingu og skipulag markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga sem þau munu þurfa að hafa eftirlit með til að tryggja skilvirka og skipulega starfsemi fjármálamarkaða.
- 2) Þessar upplýsingar ættu að byggjast á þeim upplýsingum sem verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar yrði gert að veita sem lið í almennum kröfum vegna starfsleyfis samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Þær ættu að beinast að tiltekinni virkni viðskiptakerfisins til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort kerfið uppfyllir skilgreininguna um markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg og til að meta hvort það samrýmist sérstökum kröfum sem lúta að viðskiptavettvöngum í tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽²⁾. Krafan um ítarlega lýsingu ætti ekki að hafa áhrif á þá skyldu verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar að veita lögbæru yfirvaldi sínu aðrar upplýsingar, eins og krafist er samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, eða rétt lögbærra yfirvalda til að óska eftir öðrum upplýsingum sem lið í áframhaldandi eftirliti þeirra með viðskiptavettvöngum.
- 3) Upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld fá ættu að tryggja að ítarlegar lýsingar á starfsemi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB verði teknar saman á samræmdan hátt og leiði til skilvirkar vinnslu upplýsinga fyrir fyrirliggjandi markaðstorg fjármálagerninga sem starfrækt eru í samræmi við landsbundið starfsleyfi þegar krafan um að afhenda ítarlega lýsingu öðlast gildi.
- 4) Þar eð vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru aðgreindir frá öðrum markaðstorgum fjármálagerninga á þann veg að þeir lúta viðbótarreglum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB er nauðsynlegt að vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja veiti viðbótarupplýsingar.
- 5) Þar eð skipuleg markaðstorg eru aðgreind frá markaðstorgum fjármálagerninga á þann veg að viðskiptaferlið getur falið í sér að rekstraraðilinn nýti reglur um svigrúm til eigin ákvarðanatöku og þar eð rekstraraðili skipulegs markaðstorgs er ábyrgur gagnvart notendum kerfisins ættu skipuleg markaðstorg að láta í té viðbótarupplýsingar.
- 6) Veita ætti þær upplýsingar sem krafist er á rafrænu formi til að tryggja skilvirka vinnslu þeirra.
- 7) Til að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að birta lista yfir öll markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg í Sambandinu ásamt upplýsingum um þjónustuna sem þau veita og einkvæmum kóða sem auðkenna þau ætti að nota staðlað sniðmát fyrir þær upplýsingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2016, ESB L 137, 26.5.2016, bls. 10. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stj. 2014, ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stj. 2012, ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

- 8) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 9) Einungis ætti að veita persónuupplýsingar samkvæmt þessari reglugerð í sérstökum, skýrum og lögmætum tilgangi og ekki ætti að vinna frekar úr þeim á þann hátt sem ekki samræmist þeim tilgangi. Í samræmi við 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽¹⁾ ætti ekki að varðveita neins konar persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er til að sinna eftirlitshlutverkinu og tilgreina ætti hámarks lengd varðveislutímabils.
- 10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „viðkomandi rekstraraðili“:
 - a) verðbréfafyrirtæki sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga,
 - b) verðbréfafyrirtæki sem starfrækir skipulegt markaðstorg,
 - c) rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga,
 - d) rekstraraðili markaðar sem starfrækir skipulegt markaðstorg,
- 2) „eignaflokkar“: flokkar fjármálagerninga eins og tilgreint er í þætti C í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB.

2. gr.

Upplýsingar sem ber að veita um markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg

1. Viðkomandi rekstraraðili skal veita lögbæru yfirvaldi sínu eftirfarandi upplýsingar:
 - a) um eignaflokka fjármálagerninga sem viðskipti eru höfð með á viðkomandi markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi,
 - b) um reglur og verkferla til að gera fjármálagerninga tiltæka til viðskipta, ásamt upplýsingum um það fyrirkomulag birtingar sem notað er til að gera þessar upplýsingar aðgengilegar almenningi,
 - c) um reglur og verkferla til að tryggja aðgang sem byggir á hlutlægum viðmiðum og er án mismununar að viðskiptavettvöngum, ásamt upplýsingum um það fyrirkomulag birtingar sem notað er til að gera þær upplýsingar aðgengilegar almenningi,
 - d) um ráðstafanir og verkferla til að tryggja að notendur markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga hafi aðgang að nægjanlegum upplýsingum til að geta lagt mat á fjárfestingar, að teknu tilliti til bæði hvers konar notendur um er að ræða og þeirra flokka fjármálagerninga sem viðskipti eru með,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- e) um kerfi, verkferla og fyrirkomulag sem ætlað er að tryggja að farið sé að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 48. og 49. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- f) ítarlega lýsingu á hvers konar fyrirkomulagi sem stuðlar að seljanleika í kerfinu, s.s. viðskiptavaktarkerfum,
- g) um fyrirkomulag og verkferla til eftirlits með viðskiptum eins og gerð er krafa um í 31. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- h) um reglur og verkferla um tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og til töku þeirra úr viðskiptum eins og gerð er krafa um í 32. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- i) um fyrirkomulag við að fara að skyldum um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti sem gildir um fjármálagerninga sem viðskipti eru með og viðskiptavirkni (e. *trading functionality*) viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs; þessum upplýsingum skulu fylgja upplýsingar um öll áform um að nýta undanþágur skv. 4. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og frestun birtingar skv. 7. og 11. gr. sömu reglugerðar,
- j) um fyrirkomulag skilvirks uppgjörs viðskipta sem fara fram í kerfum hans og til að tryggja að notendum sé ljós ábyrgð sín hvað þetta varðar,
- k) um lista yfir aðila eða þátttakendur á viðkomandi markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi sem hann starfrækir.

2. Viðkomandi rekstraraðili skal afhenda lögbæru yfirvaldi sínu ítarlega lýsingu á starfsemi viðskiptakerfis síns þar sem tilgreina skal:

- a) hvort um er að ræða raddrifið kerfi, rafrænt kerfi eða blandað kerfi,
- b) ef um er að ræða rafrænt eða blandað viðskiptakerfi, eðli allra algríma eða forrita sem notuð eru til að ákvarða pörun og framkvæmd á grundvelli viðskiptaáhuga,
- c) ef um er að ræða raddrifið viðskiptakerfi, reglur og samskiptaferli sem notuð eru til að ákvarða pörun og framkvæmd á grundvelli viðskiptaáhuga,
- d) lýsingu á því hvernig viðskiptakerfið uppfyllir hvern þátt í skilgreiningu á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi.

3. Viðkomandi rekstraraðili skal veita lögbæru yfirvaldi sínu upplýsingar um hvernig og í hvaða tilvikum rekstur viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs muni valda hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs, rekstraraðila þess eða eigenda þess og traustrar starfsemi viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs. Viðkomandi rekstraraðili skal tilgreina verkferla og fyrirkomulag til að fara að kröfunum sem settar eru fram í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

4. Viðkomandi rekstraraðili skal veita lögbæru yfirvaldi sínu eftirfarandi upplýsingar um útvistunarsamninga sína sem tengjast stjórnun, rekstri eða eftirliti með viðkomandi markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi:

- a) skipulagslegar ráðstafanir til að koma auga á áhættu í tengslum við útvistaða starfsemi og til að fylgjast með útvistaðri starfsemi,
- b) samninginn milli viðkomandi rekstraraðila og aðilans sem veitir útvistaða þjónustu sem kveður á um eðli, umfang, markmið og umsamið þjónustustig.

5. Viðkomandi rekstraraðili skal veita lögbæru yfirvaldi sínu upplýsingar um öll tengsl við eða þátttöku af hálfu skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga, skipulegs markaðstorgs eða innmiðlara í eigu sama viðkomandi rekstraraðila.

3. gr.

Viðbótarupplýsingar sem ber að veita um markaðstorg fjármálagerninga

Til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. gr. skal viðkomandi rekstraraðili veita lögbæru yfirvaldi sínu eftirfarandi upplýsingar sem tengjast kröfunum í 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

- a) lýsingu á fyrirkomulaginu og kerfunum sem komið er á til að stýra áhættu sem snúa að rekstraraðilanum, koma auga á alla verulega áhættu fyrir rekstur hans og gera skilvirkar ráðstafanir til að milda þessa áhættu,

- b) lýsingu á fyrirkomulaginu sem komið er á til að greiða fyrir skilvirkum og tímanlegum lokum viðskipta sem framkvæmd eru í kerfum rekstraraðilans,
- c) lýsingu á því fjármagni sem talið er nægjanlegt til að greiða fyrir eðlilegri starfsemi rekstraraðilans, með hliðsjón af eðli og umfangi viðskiptanna sem fram fara á markaðnum og umfangi og stigi áhættunnar sem snýr að rekstraraðilanum.

4. gr.

Upplýsingar sem ber að veita um markaðstorg fjármálagerninga sem þegar eru starfrækt

Ef um er að ræða verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem hefur starfsleyfi skv. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB⁽¹⁾ til að reka markaðstorg fjármálagerninga sem er starfandi daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skal það fyrirtæki eða sá rekstraraðili veita upplýsingarnar sem um getur í 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar þegar þess gerist þörf:

- a) til að leiðrétta, uppfæra og skýra upplýsingar sem viðkomandi rekstraraðili hefur áður lagt fyrir lögbært yfirvald sitt,
- b) til að sýna fram á að farið sé að skyldum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014 sem giltu ekki um viðkomandi markaðstorg fjármálagerninga áður en þessi reglugerð kom til framkvæmda.

5. gr.

Viðbótarupplýsingar sem ber að veita um markaðstorg fjármálagerninga vegna skráningar þeirra sem vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Þegar viðkomandi rekstraraðili sækir um skráningu markaðstorgs fjármálagerninga sem vaxtarmarkaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal sá rekstraraðili tryggja að í upplýsingunum sem veittar eru skv. 2. og 3. gr. komi skýrt fram hvaða virkni eða fyrirkomulag gildir um þann vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

6. gr.

Viðbótarupplýsingar sem ber að veita um skipuleg markaðstorg

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 2. gr. skal viðkomandi rekstraraðili sem rekur skipulegt markaðstorg veita lögbæru yfirvaldi sínu eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar um hvort annað verðbréfafyrirtæki hafi verið ráðið til að annast viðskiptavakt á skipulegu markaðstorgi hans á óháðum grunni í samræmi við 5. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- b) ítarlega lýsingu á því hvernig og undir hvaða kringumstæðum hann framkvæmir fyrirmæli á skipulegu markaðstorgi þar sem svigrúm til ákvörðunartöku er nýtt í samræmi við 6. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- c) um reglur, verkferla og samskiptaferli sem gera rekstraraðilanum kleift að beina viðskiptaáhuga aðila eða þátttakanda út fyrir aðstöðu skipulega markaðstorgsins,
- d) lýsingu á notkun paraðra miðlaraviðskipta (e. *matched principal trading*) sem fullnægja ákvæðum 7. mgr. 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- e) um reglur og verkferla til að tryggja að farið sé að ákvæðum 24., 25., 27. og 28. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að því er varðar viðskipti sem fara fram á skipulega markaðstorginu ef þær reglur gilda um viðkomandi rekstraraðila í tengslum við notanda skipulega markaðstorgsins.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjútíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

*7. gr.***Upplýsingar sem eru sértækar fyrir eignaflokka**

Þegar viðkomandi rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs beitir mismunandi reglum á mismunandi eignaflokka skal hann veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari reglugerð um hvern þessara eignaflokka sérstaklega.

*8. gr.***Verulegar breytingar**

1. Viðkomandi rekstraraðili skal afhenda lögbæru yfirvaldi sínu lýsingu á öllum verulegum breytingum á þeim upplýsingum sem hafa áður verið lagðar fram í samræmi við þessa reglugerð og myndu skipta máli við mat hlítni hans við tilskipun 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 600/2014.
2. Þegar viðkomandi rekstraraðili sendir lögbæru yfirvaldi sínu nýjar upplýsingar til að leiðrétta, uppfæra eða skýra upplýsingar sem hann hefur áður lagt fram í samræmi við þessa reglugerð þarf hann ekki að láta fylgja upplýsingar sem eru einungis minniháttar eða tæknilegs eðlis og myndu ekki skipta máli við mat á hlítni hans við tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014.
3. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2004/39/EB til að starfrækja markaðstorg fjármálagerninga sem er starfandi daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda skal, auk upplýsinganna sem krafist er í 1. mgr. þessarar greinar, afhenda lögbæru yfirvaldi sínu lýsingu á öllum verulegum breytingum á þeim upplýsingum sem áður hafa verið lagðar fyrir lögbæra yfirvaldið að því er varðar það markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt þeirri tilskipun.

*9. gr.***Snið lýsingarinnar**

1. Þegar viðkomandi rekstraraðili afhendir lögbæru yfirvaldi lýsingu á starfsemi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs sem hann starfrækir eins og sett er fram í þessari reglugerð skal hann láta fylgja með skýrar tilvísanir sem fullnægja kröfum sniðmátsins í töflu 1 í viðaukanum.
2. Þegar viðkomandi rekstraraðili veitir upplýsingar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð skal hann vísa til viðeigandi ákvæða í reglum viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs síns, samkomulags eða samninga við þátttakendur eða viðkomandi þriðju aðila og til innri verkferla og stefna.
3. Viðkomandi rekstraraðili skal veita lögbæru yfirvaldi sínu upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð á rafrænu formi.
4. Þegar viðkomandi rekstraraðili veitir upplýsingarnar sem krafist er í þessari reglugerð skal hann:
 - a) setja sérstakt tilvísunarnúmer á öll skjöl sem hann leggur fram,
 - b) tryggja að upplýsingarnar sem hann leggur fram tilgreini á skýran hátt hvaða tilteknu kröfu þessarar reglugerðar þær eiga við um og í hvaða skjali þær upplýsingar koma fram með því að nota einkvæmt tilvísunarnúmer til að auðkenna skjalið,
 - c) tryggja að ef krafa í þessari reglugerð gildir ekki um hann sé greint frá þeirri staðreynd og það útskýrt,
 - d) leggja þessar upplýsingar fram á því sniði sem sett er fram í töflu 1 í viðaukanum.
5. Þegar lýsingin er lögð fram í tengslum við beiðni um starfsleyfi skal aðili sem óskar eftir leyfi til að veita fleiri en eina tegund þjónustu á sama tíma leggja fram eina umsókn sem tilgreinir með skýrum hætti um hvaða þjónustu veittar upplýsingar gilda. Þegar líta ber á sama skjal sem hluta af fleiri en einni beiðni um starfsleyfi, í tengslum við framlagningu upplýsinga á því sniði sem sett er fram í töflu 1 í viðaukanum, skal nota sama tilvísunarnúmer þegar sama skjal er lagt fram vegna fleiri en einnar umsóknar.

10. gr.

Tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um starfsleyfi viðkomandi rekstraraðila sem markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs á rafrænu formi og á því sniði sem sett er fram í töflu 2 í viðaukanum.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem tilgreindur er í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Snið

Tafla 1

Upplýsingar frá rekstraraðilum markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga

Viðkomandi rekstraraðili sem umsóknin er lögð fram fyrir	Viðeigandi grein framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/824	Tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingarnar eru veittar eða ástæður þess að upplýsingarnar hafa ekki verið veittar

Tafla 2

Upplýsingar sem senda ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni

Lögbært yfirvald sem sendir tilkynninguna	Heiti viðkomandi rekstraraðila	Heiti markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs viðskiptavettvangs í rekstri	MIC-kóði	Þjónusta sem markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg veitir